



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/026/9.6/HH/sig
Reykjavík 20. febrúar 2003

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um Siglingastofnun
Íslands, 539. mál, vaktstöð siglinga, EES-reglur.**

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 1. gr. er kveðið á um að Siglingastofnun annist framkvæmd laga um vaktstöð siglinga. Vísað er til athugasemda Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um vaktstöð siglinga.

Landhelgisgæslan er reiðubúin að sinna öllum þeim verkefnum sem vaktstöð siglinga eru ætluð í frumvarpinu enda sinnir stjórnstöð stofnunarinnar mörgum þeirra nú þegar. Ekkert samráð var haft við Landhelgisgæslu Íslands við samningu frumvarps til laga um vaktstöð siglinga.

Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri.

